



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
5. fundur 2009 (7. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 03.07.2009 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Sigurður Thoroddsen	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Páll Svavar Pálsson	byggingarfulltrúi Sveitarfélagsins Garðs
Eiríkur Bjarnason,	ritari skipulagsnefndar
Magnús Guðmannsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008 - 2024

Lagðar voru fram athugasemdir Keflavíkurflugvallar ohf við aðalskipulag Reykjanesbæjar sem auglýst er um þessar mundir. Formaður skipulagsnefndar lagði enn fremur fram nokkra punkta varðandi sama mál. Skipulagsnefndin samþykkti að gert verði eitt skjal úr framangreindum tveimur skjölum sem yrði athugasemdir nefndarinnar við aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008 – 2024.

Eftirfarandi eru athugasemdir skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar við aðalskipulag Reykjanesbæjar 2008 – 2024:

1. Almenn

Samgönguráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála á “Flugvallarsvæði A” og skipar hann skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar. Keflavíkurflugvöllur ohf kostar og annast gerð deili- og skipulagsáætlauna fyrir flugvallarsvæðið og leggur fyrir nefndina til afgreiðslu. Samþykki nefndarinnar við deili- eða aðalskipulagstillögu fyrir flugvallarsvæðið telst fullnaðarafgreiðsla málsins á sveitarstjórnarstigi.

Utanríkisráðherra fer með yfirstjórn skipulags- og mannvirkjamála á “Öryggissvæði B”.

Sýna þarf mörk á milli flugvallarsvæðis og öryggissvæðis á uppdráttum.

Nefndin bendir á að skýringar á öryggissvæðum eru rangar bæði á þéttbýlis- og sveitarfélagauppdráttum og að vert er að kanna hvort ekki á að gera breytingar á orðanotkun/heitum. Slíkt þarf þó gera í samráði við flugvallaryfirvöld.

2. Greinargerð, 2.1.10 Keflavíkurflugvöllur.

„Á flugvallarsvæðinu er það Keflavíkurflugvöllur ohf. sem fer með skipulagsmál sem og framkvæmdir“

Á Keflavíkurflugvelli eru tvö sjálfstæð skipulagssvæði, annars vegar „Flugvallarsvæði A“ undir stjórn Keflavíkurflugvallar ohf. og hins vegar



„Öryggissvæði B“ sem er undir stjórn Varnarmálastofnunar. Varnarmálastofnun mun eftir atvikum gera sjálfstæðar athugasemdir við Aðalskipulag Reykjanesbæjar. Hér eru hins vegar einungis gerðar athugasemdir við aðalskipulagið út frá sjónarhóli skipulagsnefndar á starfssvæði Keflavíkurflugvallar ohf.

3. Greinargerð, 2.1.10 Keflavíkurflugvöllur, hávaði frá flugumferð.
Keflavíkurflugvöllur ohf mun leita eftir skýrri túlkun Umhverfisstofnunar á reglugerð nr. 724/2008 hvað varðar hávaðamörk við flugvelli, en í reglugerðinni eru mismunandi kröfur til hljóðstigs við nýja flugvelli og þegar starfandi flugvelli. Leitað verður túlkunar Umhverfisstofnunar á því hvort nýjar flugbrautir á Keflavíkurflugvelli flokkist sem nýr flugvöllur hvað varðar hávaðamörk, einnig nýskipulögð byggingarsvæði við núverandi flugbrautir og hvaða hávaðamörk skuli gilda við þéttingu byggðar. Keflavíkurflugvöllur ohf væntir þess að hávaðamörk á uppdrætti verði samkvæmt úrskurði Umhverfisstofnunar.
 4. Greinargerð, kafli 2.1.4. tengibrautir í þéttbýli.
Ný tengibraut (T3). „*Leyfi skipulagsyfirvalda á flugvallarsvæðinu þarf áður en hægt er að ráðast í lagningu tengibrautarinnar*“.
Parna þarf leyfi Varnarmálastofnunar.
 5. Greinargerð, kafli 2.1.10. Innanlandsflug.
Ítrekað er að gert er ráð fyrir innanlandsflugstöð við Flugstöð Leifs Eiríkssonar í gildandi Aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar.
 6. Skýring á þéttbýlisuppdrætti: „*Öryggismörk flugvallarsvæðis, A-B-C, Patterson*“.
Patterson- svæðið er enn hluti af varnarsvæði (öryggissvæði B), en á ekkert skylt við svæði A,B,C sem eru „Accidental Potential Zones“ við enda flugbrauta.
 7. Þemakort „*Leiðakerfi strætó*“. E.t.v. ekki réttur uppdráttur sem undirlag, og leið merkt „í athugun“ yfir flugvallarsvæðið er ofaukið.
 8. Þemakort „*Áherslusvæði*“. „Áherslusvæði“ og „kennileiti“ eru sýnd utan skipulagssvæðis Reykjanesbæjar.
 9. Þemakort „*Kennileiti*“: Sama og 8. og mörk skipulagssvæðis ekki rétt teiknuð.
 10. Þéttbýlisuppdráttur og sveitarfélagsuppdráttur. Ítrekaðar eru athugasemdir um að sýna glögglega mörk skipulagssvæðis Reykjanesbæjar og hafa flugvallarsvæðið ólitað. Færa nöfn sveitarfélaga út fyrir mörk skipulagssvæðisins.
2. **Reglugerð um hávaða – túlkun ákvæðis um nýja byggð að gömlum flugvelli o.fl.**
Lagt var fram bréf Keflavíkurflugvallar ohf, dags 30.06.2009, til Umhverfisstofnunar, þar sem gerðar eru fyrirspurnir um túlkun stofnunarinnar á nýlegri reglugerð um hávaða hvað varðar flugvelli. Fyrirspurnirnar eru eftirfarandi:



- Hvort gilda 55 dB(A) eða 65 dB(A) hávaðalínur við skipulagðar flugbrautir skv. aðalskipulagi?
- Hvort gilda 55 dB(A) eða 65 dB(A) hávaðalínur um íbúðabyggð við flugbrautir þar sem engin byggð er nú?
- Hvort gilda 55 dB(A) eða 65 dB(A) hávaðalínur um þéttingu núverandi íbúðabyggðar við flugbrautarenda?

Svör við fyrirspurnunum verða kynnt í nefndinni þegar þau berast. Munu þau hafa mikla þýðingu fyrir framtíð og þróun flugvallarins.

3. Verklagsreglur um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar

Lögð voru fram drög að verklagsreglum um samvinnu ráðgjafahóps KEF ohf í skipulagsmálum og skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar með tillögu að viðbótum frá stjórn KEF ohf.

Unnið verður áfram að gerð reglnanna og er óskað eftir frekari athugasemdum og viðbótum frá nefndarmönnum, ef einhverjar eru.

4. Aðalskipulag sveitarfélagsins Voga

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Voga 2008 – 2028 hefur verið auglýst. Keflavíkurflugvöllur ohf. leggur til að gerð verði eftirfarandi athugasemd við aðalskipulagið:

Keflavíkurflugvöllur ohf hefur farið yfir tillögu að aðalskipulagi Voga 2008-2028, og vill vekja athygli á eftirfarandi:

Innan Sveitarfélagsins Voga er staðsett nauðsynlegt flugleiðsögumannvirki, radarspegill, sem kvarðar reglulega aðflugsradar Keflavíkurflugvallar og er því hluti flugleiðsögukerfis flugvallarins. Radarspegillinn er staðsettur nærri stefnu flugbrautar 11-29 á Keflavíkurflugvelli um 200 m austan við lóð Vélsmiðjunnar Norma. Hann mun hafa verið settur upp árið 1979 og hefur verið starfræktur síðan. Keflavíkurflugvöllur ohf hefur ekki tiltæk gögn um leyfi fyrir þessu mannvirki en vill gjarnan koma þeim málum í rétt horf. Því fer Keflavíkurflugvöllur ohf. fram á að staðsetning mannvirkisins verði mörkuð á aðalskipulagsuppdrátt Voga, og í framhaldi verði því mörkuð hæfileg lóð, sem Keflavíkurflugvöllur ohf. mun síðan láta girða.

Skiplagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti að gera athugasemd þessa að sinni.

5. Næsti fundur skipulagsnefndar

Næsti fundur skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.